

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 118/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2006 frá 7. júlí 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 202 frá 17. mars 2005 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 101, E 102, E 103, E 104, E 106, E 107, E 108, E 109, E 112, E 115, E 116, E 117, E 118, E 120, E 121, E 123, E 124, E 125, E 126 og E 127) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun nr. 202 kemur í stað ákvarðana framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 153, 164, 166, 168, 179, 185 og 186, sem eru nú hluti af samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

VI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 3.39 (ákvörðun nr. 153), liðar 3.48 (ákvörðun nr. 164) og liðar 3.62 (ákvörðun nr. 186) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3.77 (ákvörðun nr. 201):
„3.78. **32006 D 0203:** Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 202 frá 17. mars 2005 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 101, E 102, E 103, E 104, E 106, E 107, E 108, E 109, E 112, E 115, E 116, E 117, E 118, E 120, E 121, E 123, E 124, E 125, E 126 og E 127) (Stjtið. ESB L 77, 15.3.2006, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 202, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 19, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 77, 15.3.2006, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.